

# starfsafl



Ársskýsla 2023

## Frá framkvæmdastjóra

Starfsafl hefur fyrir löngu slitið barnskónum og hefur góða innsýn í atvinnulífið og stöðu starfsmenntamála heilt yfir.



Við getum alveg sagt að við sem myndum þetta atvinnulíf og þá samfélagið okkar séum að gera ágætlega á svo mörgum sviðum en við getum alltaf gert betur og þar stendur helst upp úr okkar góða og dýrmæta tungumál, að standa vörð um það og mikilvægi þess að halda því á lofti.

Að skilja og geta talað íslensku er mikilvægur þáttur þess að aðlagst samfélaginu, vinnumarkaði og þá vinnustað, að þekkja og skilja menningarleg blæbrigði, félagsleg viðmið, siði og venjur og þannig geta verið virkur þátttakandi. Það er fyrir alla ómetanlegt.

Að geta átt skilvirk samskipti við samstarfsfólk, samferðafólk og viðskiptavinum þar sem það á við, eykur samvinnu og framleiðni. Það getur sannarlegar bætt atvinnuögnuleika og opnað fyrir fleiri starfsmöguleika og tækifæri til vaxtar. Að kunna tungumálið auðveldar ennfremur hversdagsleg verkefni, svo sem samskipti sem geta verið tilkomin vegna barna, við skóla og aðrar stofnanir sem og til að ferðast á milli staða með almenningsamgöngum, versla eða fá aðgang að þjónustu utan vinnu, sem mögulega getur stuðlað að betri lífsgæðum.

Að því sögðu þarf að gera betur hvað varðar íslenskukennslu til þeirra sem eru af erlendum uppruna og koma hingað til lands til að lifa og starfa. Þetta vitum við. Það er á ábyrgð einstaklinganna sjálfra að læra íslenskuna en einnig vinnustaða, að gera kröfu á og stuðla að menningu sem hvetur til og styður við íslenskunám og að íslenska sé töluð þar sem því er komið við.

Það er samfélagsleg ábyrgð okkar allra að hvetja til þess að íslenskan sé fyrsta tungumál. Það er sérstaklega mikilvægt í þjónustustörfum, svo sem í verslun og í þjónustu við börn og aldraða.

Stjórnvöld þurfa að marka línurnar og atvinnulífið að hvetja til þess að fyrirtæki og stofnanir lyfti upp íslenskunni en starfsmenntasjóðir atvinnulífsins styrkja flestir ef ekki allir allt íslenskunám.

Í gegnum Starfsafl getur einstaklingar sem er að hefja sitt íslenskunám fengið fullan styrk vegna íslenskunáms á fyrsta mánuði í starfi. Að sama skapi geta fyrirtæki sótt um styrk vegna íslenskunáms starfsfólks og fjöldi fyrirtækja nýtir sér það. Það er því ekki skortur á fjármagni sem ætti að koma í veg fyrir eða hindra íslenskunám. Það er eitthvað allt annað sem stendur þar í vegi og við þurfum að ná tökum á því svo íslenskunám, innan og utan vinnustaða, hjá einstaklingum og fyrirtækjum, fái blómstrað.

Þau stéttafélög sem standa að Starfsaflinu eru stéttafélög einstaklinga sem starfa í fiskvinnslu, afgreiðslu á veitingastöðum, þjónustu ýmiskonar og þrífum, þernur, öryggisverðir og bílstjórar, svo fátt eitt sé talið. Hátt í helmingur félagsmanna er með annað tungumál en íslensku sem sitt móðurmál og á árinu voru styrkir vegna íslenskunáms til einstaklinga 27% allra styrkja og styrkir til fyrirtækja voru 31%. Það er vel en betur má ef duga skal.

En það er ekki nóg að huga eingöngu að íslenskunni heldur þarf einnig að huga að fræðslu sem tekur til starfshæfni fyrirtækis, svo sem vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra, gæðsastjórnunar, tölvufærni og öryggisnáms svo dæmi séu tekin. Taka þarf utan um tímabundið ráðið starfsfólk og huga að starfsmenntun fyrir þann hóp sem og þann hóp sem er með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni enda sá hópur viðkvæmari fyrir breytingum á vinnumarkaði. Mikilvægt er að þeir hópar sitji ekki eftir þegar kemur að þjálfun starfsfólks og því hvetjum við fyrirtæki til horfa til þessa hópa og sjá hvar má gera betur.

Það ber einnig að huga að því að starfsmenntun og starfsþróun starfsmanna er ekki einhliða ákvörðun stjórnenda heldur samtal á milli beggja aðila sem þarf að taka mið af því umhverfi sem starfað er í.

Það er því mikilvægt að mannauðs- og fræðslustjórnun hafi sitt vægi innan vinnustaða, því allt eins og það þarf að uppfæra kerfi þá þarf að vinna stanslaust að því að að fjárfesta í þeim mannauð sem starfar innan fyrirtækisins og tryggja að alltaf sé til staðar sú þekking sem þörf er á í núinu og nánustu framtíð, eigi fyrirtækið að ná markmiðum sínu og hafa yfir að ráða mannauð sem líður vel í starfi og getur mætt morgundeginum. Við getum þetta og gott betur.

**Lísbet Einarsdóttir**

**Framkvæmdastjóri Starfsafls.**


## Um Starfsafl

Starfsafl – starfsmennt Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000. Þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja.

### Hlutverk og markmið


Hlutverk Starfsafls er margþætt og felur meðal annars í sér áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun, að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun og kanna þarfir atvinnulífsins fyrir starfsmenntun almennra starfsmanna.

Dagleg störf speglast einna helst í umsýslu og afgreiðslu styrkja til fyrirtækja og einstaklinga vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar, styðja við skipulag og stefnumótun fræðslu í fyrirtækjum, aðkomu að námsefnisgerð og öðrum þeim verkefnum sem aðilar semja sérstaklega um í kjarasamningi.



### Skipulag og starfshættir

Verklag sjóðsins er á þann veg að félögin sem að honum standa; Efling, VSFK og Hlíf, sjá um alla umsýslu og afgreiðslu styrkja til sinna félagsmanna en styrkir til fyrirtækja eru afgreiddir af skrifstofu Starfsafls.



Umsóknir um einstaklingsstyrki sem eru ekki skýrar eru bornar undir framkvæmdastjóra Starfsafls og skotið til stjórnar, ef svo ber undir.

Stjórn Starfsafls starfar eftir settum starfsreglum og nýtast þær sem verkfæri stjórnar Starfsafls og framkvæmdastjóra til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Í starfsreglunum er m.a. tekið á skipun stjórnar og skiptingu starfa, markmið sjóðsins, helstu hlutverk og skyldur stjórnar, ábyrgð stjórnarformanns og form stjórnarfunda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og hæfi stjórnarmanna.

Rík áhersla hefur verið lögð á stefnumótandi hlutverk stjórnar og svigrúm aukið til að beita sér á öðrum þeim sviðum er falla undir hlutverk sjóðsins. Í því felst að vera framsýn, mótandi og leiðandi ef svo ber undir, þegar kemur að fræðslu- og starfsmenntamálum.

Fundir stjórnar eru haldnir reglulega og á starfsárinu voru þeir 6 talsins.

### Stjórn og starfsfólk

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 einstaklingum, þremur frá Samtökum atvinnulífsins, þar af kemur einn fulltrúi frá samtökunum og tveir úr fyrirtækjum sem aðild eiga að samtökunum, og þremur frá þeim stéttafélögum sem standa að sjóðnum.

## Stjórn 2023 – 2024

### Fulltrúar stéttafélaga

Jóhann R. Kristjánsson, formaður stjórnar

Gundega Jaunlinina

Sólveig Anna Jónsdóttir

Varamaður fyrir Sólveigu Önnu; Rínar Magnússon

### Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins

Jóhanna Laufdal

Hugrún Elvarsdóttir.

Jóhann Kristján Jóhannsson

### Framkvæmdastjóri Starfsafls

Lísbet Einarsdóttir

## Reglur sjóðsins

Starfsemi sjóðsins hvílir á reglugerð en stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur sjóðsins. Þær eru í sífelldri endurskoðun enda mikilvægt í síkviku atvinnulífi að starfsmenntasjóður á borð við Starfsafl sé sveigjanlegur og mæti þörfum hverju sinni en festist ekki í þunglamalegu regluverki. Reglurnar eru því í sífelldri endurskoðun, nýjum reglum bætt við eða eldri reglur felldar út, allt eftir þörfum hverju sinni.

Á starfsárinu voru gerðar fjölmargar breytingar, gerðar breytingar á kröfum til fylgigagna og hert á reglum svo sjóðurinn væri betur í stakk búin til verjast svikum.

Hér fyrir neðan má sjá upptalningu á þeim reglum sem settar voru og öðrum breytingum:

### Einstaklingsstyrkir:

**a. Uppsafnaður tveggja ára réttur**

Samþykkt að frá áramótum 2024 geti einstaklingur átt uppsafnaðan tveggja ára rétt til viðbótar við uppsafnaðan þriggja ára rétt.

**b. Uppsafnaður réttur einstaklings og skerðing.**

Við regluna var bætt að uppsafnaður réttur skerðist ekki hafi félagsmaður fengið styrk undir kr. 30.000 á tíma uppsöfnunar. Sá styrkur kemur þó til frádráttar.

**c. Undantekning frá almennum reglum vegna íslenskunáms útvíkkun.**

Reglan var útvíkkun frá því að eiga bara við um íslensku I yfir í það að ná yfir allt íslenskunám fyrir byrjendur (nýja félagsmenn).

Fyrirtækjastyrkir:

**d. Sameiginlegur styrkur fyrirtækis og einstaklings.**

Innleidd regla sem gerir fyrirtæki og félagsmanni kleyft að sækja sameiginlega um styrk þar sem námskeiðskostnaður er hærri en 200.000,- kr. Með innleiðingu á þessari reglu var sjóðurinn að fara að fordæmi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og styðja enn frekar við þá einstaklinga sem fara í kostnaðarsamt nám.

**e. Hámarksstyrkur fyrirtækis vegna einstaklingsnáms.**

Samþykkt að skerpa á reglu og setja skýrar í texta að aðeins sé hægt að sækja einu sinni um hámarksstyrk vegna sama félagsmanns, þ.e. þegar félagsmaður er styrktur til einstaklingsnáms og fyrirtækið er greiðandi námsins.

**f. Regla vegna greiðslu iðgjalda (fyrirtæki).** Samþykkt að setja í reglur að fyrirtæki þurfi að hafa greitt til sjóðsins í 12 mánuði og vera skuldlaust, til að eiga rétt á styrk.

**g. Þak vegna fræðslupakka**

Samþykkt að setja þak á styrki vegna fræðslupakka eins og gert er vegna áskriftar að stafrænu fræðsluumhverfi. Þak samþykkt 6000 kr. þegar keypt er fyrir vinnustaði í heild sinni (allt starfsfólk eða hópa, ekki einstaklinga).

**h. Breytt verklag við afgreiðslu umsókna frá fyrirtækjum**

Af óviðráðanlegum orsökum þurfti að gera þær breytingar tímabundið að umsækjendur fyrirtækja með starfsfólk í Eflingu eiga að leggja fram staðfestingu á skilum iðgjalda þess starfsfólks sem sótt er um styrk vegna. Um áramót var þessi verklagsregla enn í gildi.

Fyrirtækja og einstaklingsstyrkir:

**i. Viðurlög vegna svika.**

Viðurlög vegna svika sett í reglur þar sem undirstrikað er að umsækjandi sem reynist hafa gefið rangar eða villandi upplýsingar og eða notar fölsuð gögn við styrkumsókn, missir rétt sinn til styrks í 36 mánuði. Því til viðbótar var sett að hafi umsækjandi fengið greidda styrkuppþæð á grundvelli falsaðra og eða rangra gagna, sé heimilt að krefja viðkomandi um endurgreiðslu á heildaruppþæð styrks auk dráttarvaxta. Að síðustu að stjórn sjóðsins áskilji sér rétt til að kæra til lögreglu brot af þessu tagi. Reglan tók strax gildi.

**j. Netnám á erlendum vefsíðum**

Samþykkt að hætta að styrkja netnám á erlendum vefsíðum að undanskildu netnámi sem fram færi hjá viðurkenndum háskólum.

**k. Fylgigögn umsókna**

Samþykkt að með öllum umsóknum þurfi að fylgja staðfesting á greiðslu reiknings og allar greiðslukvittanir vegna reikninga að vera úr íslenskum banka. Þegar greitt er fyrir nám eða námskeið með kreditkorti gildir að kortið þarf að vera útgefið af íslenskum banka.

## Iðgjöld og styrkir

Tekjur Starfsafls eru starfsmenntaiðgjald, hluti af launatengdum gjöldum og sammingsbundið gjald atvinnurekenda til sjóðsins, eins og um er samið á hverjum tíma.

Fram til ársins 2008 naut sjóðurinn framlags úr atvinnuleysistryggingasjóðs en frá 2008 hefur hann ekki notið ríkisframlaga heldur verið alfarið fjármagnaður af aðilum vinnumarkaðarins.

Þau fyrirtæki sem greiða hæstu fjárhæðirnar, að einu undanskyldu, eru að greiða undir sex milljónum króna á ári sem renna þá bæði til einstaklings- og fyrirtækjastyrkja. Þessi fyrirtæki má telja á fingrum annarar handar þar sem flest fyrirtæki greiða mun lægri fjárhæðir enda fer greidd fjárhæð eftir fjölda starfsfólks og fyrirtæki hér á landi eru flest lítil eða meðalstór.

Ef litið er til þeirra fyrirtækja sem greiða vegna félagmanna þá greiddi hvert fyrirtæki að meðaltali 97.000,- krónur vegna alls starfsfólks árið 2023, miðgildið var um kr. 20.0000,- og aðeins 1.2% fyrirtækja greiddi eina milljón króna eða meira

Í þessu felst hinsvegar að fyrirtæki sem fullnýtir rétt sinn og hvetur starfsfólk til að gera slíkt hið sama getur náð góðri ávöxtun, bæði fjárhagslegri og hvað mannauð varðar. Það er því margþættur ávinningur fólgin í því að skapa menningu innan fyrirtækis sem byggir á fræðslu- og þekkingaröflun og hvetur til hvorutveggja.

Sjóðurinn fær ekki greidd iðgjöld vegna þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu en kjósa að vera félagsmenn og nýta þann rétt sem felst í félagsaðild og þá rétt til starfsmenntastyrkja. Greiddir styrkir til félagsmanna án atvinnu voru um 10% af heildarfjárhæð og er það talsvert minna en verið hefur undanfarin ár, en þá spegladist það ástand sem ríkti vegna heimsfaraldurs mjög í útgreiðslum styrkja til einstaklinga án atvinnu. Þá kom sér vel að sjóðurinn er stöndugur og gat vel staðið undir því ástandi og stutt þá einstaklinga sem voru án atvinnu til frekara náms.

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2023 voru 520 milljónir króna og er það 18.5% hærri fjárhæð en frá árinu 2022.

Heildarfjárhæð greiddra styrkja til fyrirtækja og einstaklinga auk sértækra styrkja var 452 milljónir króna.

Starfsafl er starfsmenntasjóður Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis. Ekki eru öll fyrirtæki sem eru með félagsmenn í áður nefndum félögum í aðild að Samtökum atvinnulífsins og njóta því þau fyrirtæki sem eru í aðild hærri styrkja, eða 90% af reikningsupphæð samkvæmt reglum þar um en fyrirtæki utan aðildar fá 90% af 90%.

## Fyrirtæki í þjónustu

Greiddi í iðgjöld kr. 1.276,384,-

Styrkfjárhæð ársins kr.2.330.601,- **82,5% ávöxtun**

Greidd iðgjöld til  
Starfsafls vegna  
félagsfólks árið 2023  
**520.000.000,-**

Hlutfall styrkja af  
iðgjöldum var **87%**


Hvert  
fyrirtæki greiddi  
að meðaltali undir  
**100.000,-** vegna  
félagsfólks á árinu

Miðgildi  
iðgjaldagreiðslna  
fyrirtækja var  
**20.000,-** krónur á  
árinu

Aðeins **1%**  
fyrirtækja  
greiddi  
**1.000.000,-**  
krónur eða meira


Heildarfjárhæð allra  
greiddra styrkja var  
**452.000.000,-**

Á mynd 1 má sjá hvert hlutfall styrkja var af iðgjöldum sé litið allt aftur til ársins 2005.



Til viðbótar við einstaklings- og fyrirtækjastyrki veitir Starfsafli styrki til sértækra verkefna, nýsköpunar- og þróunarverkefna, félagslegrar fræðslu sem fram fer innan þeirra félaga sem standa að Starfsafli og Fræðslustjóra að láni.

Á mynd 2 má sjá frekara niðurbrot á iðgjöldum og styrkjum árið 2023



## Lítið hótél

Greiddi í iðgjöld kr. 543.029,-

Styrkfjárhæð ársins kr. 1.334.406,- **145 % ávöxtun**



## ***Nokkur dæmi um mikilvægi fræðslu og starfsmenntunar***

*Tryggja þarf að alltaf sé til staðar sú þekking sem þörf er á í núinu og nánustu framtíð, eigi fyrirtækið að ná markmiðum sínu og hafa yfir að ráða mannauð sem líður vel í starfi og getur mætt morgundeginum.*

- 1. Að veita tækifæri til fræðslu- og starfsmenntunar getur leitt til aukinnar starfsánægju, hvatningar og tryggðar og þá dregið úr kostnaðarsamri starfsmannaveltu.*
- 2. Stöðug fræðsla og starfsmenntun hjálpar starfsfólki að þróa nýja færni og bæta þá sem fyrir eru. Þetta eykur frammistöðu þeirra og framleiðni, sem stuðlar að heildarárangri fyrirtækisins.*
- 3. Fræðsla og starfsmenntun á vinnustað getur undirbúið starfsmenn fyrir stöðuhækkunir og ný hlutverk innan fyrirtækisins, hjálpað þeim að ná starfsmarkmiðum sínum og dregið úr þörf fyrirtækisins á kostnaðarsömum ráðningum utan frá.*
- 4. Menntaðir starfsmenn eru oft skapandi og betur í stakk búnir til að leysa vandamál. Þeir geta komið inn með ferskar hugmyndir og nýja sýn..*
- 5. Í mörgum atvinnugreinum er áframhaldandi fræðsla – og starfsmenntun nauðsynleg til að uppfylla reglur og staðla, til að viðhalda rekstrarhæfi fyrirtækisins, svo sem vegna gæða og öryggisstjórnunar.*
- 6. Fyrirtæki sem setja menntun og faglega þróun í forgang eru oft meira aðlaðandi fyrir mögulegt framtíðar starfsfólk, hjálpa til við að laða að og halda í hæfileika á samkeppnismarkaði.*
- 7. Á fjölbreyttum vinnustöðum getur menntun stuðlað að skilningi og virðingu meðal starfsmanna með ólíkan bakgrunn og stuðlað að betra og umburðalyndara vinnuumhverfi.*

*Fræðsla og starfsmenntun á vinnustað er mikilvæg fjárfesting sem gagnast bæði fyrirtækinu og starfsmönnum þess í heild, sem leiðir til vaxtar, nýsköpunar og jákvæðrar vinnustaðamenningar.*



## Styrkir til einstaklinga

Styrkir til einstaklinga eru veigamikill þáttur í starfsemi Starfsafls en afgreiðsla umsókna fer fram hjá hlutaðeigandi stéttafélögum en reglur eru settar af stjórn Starfsafls og úrskurður álitamála fer fram á skrifstofu Starfsafls og ef þurfa þykir, er skotið til stjórnar Starfsafls


Tæplega 35.000 félagsmenn eiga rétt hjá sjóðnum og þar af eru flestir í Eflingu. Hópur félagsmanna er bæði fjölmennur og fjölbreyttur og speglar svo sannarlega litróf samfélagsins en félagsmenn koma frá hátt í 100 þjóðlöndum.

### Fjöldi styrkja og fjárhæðir


Tæplega fimm þúsund styrkir voru afgreiddir til einstaklinga árið 2023 og heildarfjárhæð greiddra styrkja var kr.299,288,050.- Hækkunin er 17.5% á milli ára sem má teljast töluverð hækkun.

## 4881 styrkir afgreiddir til einstaklinga

Á mynd 3 má sjá nánari skiptingu á fjárhæð og fjölda á milli stéttafélaga.



Á mynd 4 má sjá aldursbil umsækjenda en flestir þeir sem nýta sjóðinn eru á aldrinum 20-29 ára og svo 30-39 en 76% umsækjenda eru á aldrinum 20-39 ára. Þessi aldurskipting hefur lítið breyst á milli ára.



Íslenskunám var það nám sem mest var sótt á árinu og það skýrist af þeim fjölda félagsmanna sem eru af erlendu þjóðerni. Þá eru reglur vegna íslenskunáms rýmri en aðrar reglur þar sem veitt er sérstök undanþága til nýrra félagsmanna af erlendum uppruna, sem kjósa að læra íslensku, en hægt er að fá fullan styrk, 130.000,- á fyrsta mánuði sem félagsmaður. Eins og segir í inngangi skýrslunnar þá er það að skylja og geta talað íslensku mikilvægur þáttur þess að aðlagst samfélaginu, vinnumarkaði og þá vinnustað, að skilja menningarleg blæbrigði, félagsleg viðmið, siði og venjur og þannig geta verið virkur þátttakandi. Það er ómetanlegt.

---


## 27% styrkja til einstaklinga voru vegna íslenskunáms

Því næst kemur háskólanám og að síðustu almennt nám í framhaldsskóla en mikið af ungu fólki safnar rétt í sjóðnum með sumarvinnunni eingöngu og nýtir þann rétt til greiðslu náms-og skólagjalda. Fyrir ungmennin getur það skipt sköpum að hafa það fjárhagslega bakland.

---

## 26 % styrkja til einstaklinga voru vegna framhalds- og háskólanáms

Á mynd 5 má sjá hlutfallslega skiptingu eftir tegund náms en þessi röðun helst nokkuð óbreytt á milli ára þó einhverju geti munað hlutfallslega.



## Styrkir til fyrirtækja

Fyrirtæki með starfsfólk sem telst til félagsfólks þeirra stéttfélaga sem standa að Starfsafla eru af ýmsum toga. Stór og lítil, í iðnaði, verktöku og þjónustu svo dæmi séu tekin. Fjöldi þeirra fyrirtækja nýtir rétt sinn hjá sjóðnum á hverju ári og nær þannig að byggja upp og viðhalda menningu sem styður við fræðslu- og starfsmenntun og hvetur til starfsþróunar.

## 7186 félagsmenn nutu góðs af styrkjum til fyrirtækja og fengu fræðslu- og eða starfmenntun

Hér á landi eru um 80% fyrirtækja með undir 50 starfsmenn og þá engan starfsmann sem ber beina ábyrgð á mannauðs- og ræðslustjórnun. Þegar svo er þá fær sá hluti reksturins mögulega ekki það vægi sem þarf til og eða þekkingu vantar á því sviði. Vegna þessa geta fyrirtækin sótt ráðgjöf og aðstoð til Starfsafls tengt þeim málaflokk sbr. eftirfarandi;

- skoða mögulegar leiðir í fræðslu starfsfólks
- fá kynningu á möguleikum eigin fræðslu, stafrænni fræðslu og staðbundinni fræðslu
- fá upplýsingar um námskeið og fræðsluaðila
- skipuleggja eitt námskeið eða jafnvel setja upp einfalda fræðsluáætlun
- fá upplýsingar um styrki (hvað er styrkhæft og möguleg endurgreiðsla)
- fá fræðslu, ráðgjöf og stuðning

Ofantalið er fyrirtækjum að kostnaðarlausu og til þess ætlað að ýta undir aukinn þroska í stjórnun fræðslu- og mannauðsmála innan fyrirtækja.

### Áttin, vefgátt sjóða

Átta sjóðir standa að baki Áttinni, vefgátt sjóða og fara allar umsóknir fyrirtækja þar í gegn með þeirri hagræðingu sem því fylgir, að geta sótt um styrk til margra sjóða með einni einfaldri aðgerð.

Að Áttinni standa eftirfarandi:

- Starfsmenntasjóður verslunarinnar (SV)
- Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS)
- Starfsafl
- Landsmennt
- IÐAN fræðslusetur
- Menntunarsjóður STF
- Rafmennt
- Sjómennt

### Styrkir til fyrirtækja


Árið 2023 var heildarfjárhæð styrkja til fyrirtækja rétt um 81 milljón króna og á bak við þá fjárhæð voru tæplega 7200 félagsmenn.

Það færir í vöxt að fyrirtæki greiði fyrir sitt fólk nám til réttinda, svo sem meirapróf, endurmenntun atvinnubílstjóra og réttindi á minni vinnuvélar. Þörfin fyrir fræðslu og markvissa starfsþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni enda sá hópur sem er viðkvæmari fyrir breytingum á vinnumarkaði og mikilvægt að þeir hópar sitji ekki eftir þegar kemur að þjálfun starfsfólks.

Þá er það sífellt algengara að fjárfest er í fræðslu sem snýr að almennri líðan á vinnustað og samskiptum svo fátt eitt sé talið enda vinnustaðir fjölbreyttir og mikilvægt að líðan allra sem með besta móti.

### Fjöldi styrkumsókna

Á árinu barst Starfsafli 483 umsóknir frá 147 fyrirtækjum. Þar af voru samþykktir og afgreiddir styrkir 379 talsins eins og sjá má á mynd 6. Á bak við hverja umsókn getur verið fjöldi námskeiða með tilheyrandi fjölda gagna. Fjöldi umsókna segir því lítið um umfang en gefur einhverja innsýn.




### Höfnun umsókna.

94 umsóknir hlutu ekki afgreiðslu og var hafnað af fræðslusjóðnum. Ástæður að baki höfnun geta verið af ýmsum toga, þ.m.t. að enginn félagsmanni er hjá sjóðnum, fyrirtækið er komið í leyfilegt hámark, röng kennitala félagsmanns, upplýsingar skortir og ekki er brugðist við beiðni um þær upplýsingar sem vantar, umsækjandi er atvinnurekandi og svo mál lengi telja.


### Afgreiddir styrkir og styrkfjárhæðir

Hvert fyrirtæki um sig getur fengið að hámarki 3 milljónir króna á almannaksári. Aðeins örfá fyrirtæki og þá aðeins þau stærstu, með 250 starfsmenn eða fleiri, ná að fullnýta þann rétt með einhverjum undantekningum þó.

Á mynd 7 hér fyrir neðan má sjá skiptingu á fjölda fyrirtækja og styrkuppþæðar en 77% fyrirtækja fengu undir einni milljón króna, 10 % fyrirtækja fengu 1 - 2 milljónir og 14% fyrirtækja fengu 2-3 milljónir í styrk á árinu. 5% fyrirtækja fullnýttu rétt sinn og fengu greiddar 3 milljónir króna vegna starfsmenntunar.



20% þeirra fyrirtækja sem sóttum um styrk voru í iðnaði og verktöku. Fast á eftir var ferðapjónustan sem og ýmis þjónusta, en undir þeim lið má m.a. finna líftæknifyrirtæki, símafyrirtæki og heildsölur. Á mynd 8 má sjá skiptingu eftir atvinnugreinum. Athugið að skiptingin tekur hvorki til fjölda umsókna né fjárhæðar heldur aðeins hlutfall fyrirtækja út frá starfsviði.




### Fjölbreytni í fræðslu

Námskeið sem fyrirtæki sækja um styrki vegna bera oftast en ekki keim af þeirri starfsemi sem fyrirtækið er í enda mikilvægt að vandað sé til verka og fræðsla og starfsmenntun starfsfólks sé í takt við stefnu og markmið fyrirtækis. Þá styrkja mörg fyrirtæki sitt starfsfólk til aukinnar hæfni sem hefur með sjálfsstyrkingu, leiðtogaþæfni, tímastjórnun og annað það sem eflir hæfni og getu.

Einnig styrkir fjöldi fyrirtækja sitt starfsfólk í nám til réttinda, svo sem meirarpróf, endurmenntun atvinnubílstjóra og er það vel. Það ætti ekki eingöngu að einkorðast við starfsfólk með lengri starfsaldur heldur hvetur Starfsafl fyrirtæki til þess að greiða fyrir sumarstarfsfólk nám til réttinda, sem nýtist því sannarlega í framtíðarstörfum.

Á mynd 9 má sjá hvernig skiptingin var á árunu sé litið til námskeiðstegundar.




## Fyrirtæki sem fengu styrk til fræðslu frá Starfsafli árið 2023

1912 ehf	Íspan Glerborg
AD Travel ehf	KFC ehf
Aðföng	Lagerdere Travel Retail ehf
Airport Associates	Landfast ehf
Alex airport hótél	Leikfélag Reykjavíkur
AÐ þrif	Lóðabjónustan ehf
Atlantik ehf	M.Poulsen sf
Bananar ehf	Malbiksstöðin ehf
Betri þrif ehf	Malbikunarstöðin Höfði hf
Bílaleiga Flugleiða	Málmaendurvinnslan ehf
Bílaanaust ehf	Mjólkursamsalan ehf
Bílaumboðið Askja	Myllan - Ora
Björgun	N1 ehf
Bláa Lónið	Nesdekk
Blue Car Rental	Nesfiskur ehf
BM Vallá ehf	Nings ehf
Borgarverk	OJK - ÍSAM
Brim	Ólafur Gíslason og Co ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars	Ölgerðin
Campeasy ehf	Ólufverslun Íslands
Center hótels	Orkan IS
Coca Cola	Örkin veitingar ehf
Colas Íslandi hf	Öryggismiðstöð Íslands
Coripaharma ehf	Össur Iceland ehf
Dive.is	Pizza Pizza ehf
Djús ehf	Play
Drífa / Icewear	Ráðagerði
Egilsson	Reykjafell ehf
Eimskip	Reykjavík Napolí ehf
Esja Gæðafæði	Rio Tinto
Fagkaup ehf	Sambagrill ehf
Fagurverk	Samherji fiskeldi
Félagsstofnun Stúdenta	Samskip
First water	Securitas hf
Fjörukráin	Sensa ehf
Fly over Iceland	SÍ hf
Freyja ehf	Síld og Fiskur
Garðlist	Sinnum
Hamborgarabúlla Tómasar	Skinney- Þinganes
Hamborgarabúllan	Skólamatur ehf
HBT	Sky Lagoon
Hekla hf	Sláturhús KVH
Höldur ehf	Sölufélag garðyrkjumanna
Hollt og gott	Sómi ehf
Hornsteinn	Steypustöðin
Hótél Cabin	Stjórnublikk
Hótél Keflavík ehf	Straumhvarf
Hótél Klettur	Suðurverk
HPH byggir ehf	Svalaþúfa ehf_ekki aðild að SA
Hreint ehf	Te og kaffi
Húsasmiðjan	Terra umhverfisþjónusta
Iceland hotel Collection by Berjaya	Þykkvabæjar ehf
Icelandair ehf	Tölvulistinn
Ikea	Tor hf
Innes	Verkvík - Sandtak ehf
Isavia	Vesturbær kaffihús ehf
Ísfell ehf	Vignir Jónss
Íslenska Gámafélagið	

## Fræðslustjóri að láni

Fræðslustjóri að láni er verkfæri sem fjöldi fyrirtækja hefur nýtt sér á þeim árum sem liðin eru frá fyrsta verkefninu. Fjölbreytnin er mikil meðal þeirra fyrirtækja og þar á meðal má finna veitingastaði, hótél, fiskvinnslur, heilidsölur, bílaleigur og verksmiðjur, svo dæmi séu tekin.

### Ferlið í Fræðslustjóra að láni



Árið 2023 bárust sjóðnum 10 umsóknir um Fræðslustjóra að láni, þar af var 7 umsóknum hafnað, dregnar til baka eða færðar yfir á árið 2024. Það er óvenjulega hátt hlutfall og erfitt að átta sig á hvað veldur. Þrjú verkefni voru hinsvegar fullkláruð og þau fyrirtæki sem voru þar að baki nú komin með klæðskerasniðna fræðsluáætlun sem tekur mið af stefnu fyrirtækisins, fyrir sinn mannauð. Þau fyrirtæki sem fengu Fræðslustjóra að láni voru sbr. eftirfarandi:

- ✓ Reykjavík Napolí (Flatey Pizza)
- ✓ Aðföng
- ✓ Ísfell

## Félagsleg fræðsla

Þau stéttafélög sem standa að Starfsafli geta sótt um styrk til sjóðsins vegna félagslegrar fræðslu. Þak er á þeirri fjárhæð sem félögin geta fengið á ári hverju og tekur sú fjárhæð mið af almennum reglum um styrki til fyrirtækja. Þá á sú fræðsla sem boðið er upp á að vera starfstengd og til þess fallin að styðja við og efla félagsmenn í sínum störfum og eða undirbúa undir starfslok. Á starfsárinu nýtti aðeins eitt félag sér þennan rétt sinn og sótti tvisvar um styrk.

## Sértækir styrkir

Árlega berast Starfsafli nokkrar umsóknir vegna sértækra styrkja, það er styrkja sem falla utan styrkja til einstaklinga og fyrirtækja en undir reglu sem tekur til sértækra styrkja sem eru vegna



námsefnisgerðar, nýsköpunar- og þróunarverkefna. Umsóknir vegna slíkra verkefna fara alltaf fyrir stjórn Starfsafls.

Á árinu 2023 samþykkti stjórn Starfsafls að styrkja tvö verkefni sem teljast til sértækra verkefna.

Þau verkefni sem fengu styrk voru eftirfarandi:

Fyrirtækinu Saga Akademía, sem er viðurkenndur fræðsluaðili, var veittur styrkur til námsefnisgerðar, kennslubókar í íslensku fyrir Víetnama. Í umsókninni kom fram að undanfarin ár hefði Saga Akademíu verið með nokkra hópa af fólki frá Víetnam í íslenskunámi. Ekkert námsefni væri til fyrir þá nemendur sem hafa litla eða enga íslenskukunnáttu og oftast enga enskukunnáttu. Því var ákveðið að taka saman námsefni fyrir þessa nemendur. Bókin miðar að námskrá í íslensku 1. Stjórn Starfsafls var á einu máli um að námsefnið væri vandað og samþykkti að veita umbeðinn styrk.

Samtökum atvinnulífsins var veittur styrkur vegna *Menntadags atvinnulífsins*, sem nú var haldinn í 10 sinn. Yfirskrift dagsins þetta árið var Færniþörf á vinnumarkaði. Dagskráin var metnaðarfull og fjölbreytt en rædd var eftirspurn eftir vinnuafli greind þvert á atvinnugreinar sem og aðgerðir í mennta- og fræðslumálum er varða námsframboð, svo dæmi séu tekin. Veitt voru menntaverðlaun atvinnulífsins og vaxtasproti.

## Sýnileiki og samtal

Á starfsárinu var tekin sú ákvörðun að flytja skrifstofu Starfsafls í Hús atvinnulífsins en frá stofnum hafði Starfsafl leigt skrifstofuhúsæði af Eflingu. Með því að færa skrifstofu Starfsafls í Hús atvinnulífsins var verið að færa sjóðinn nær fyrirtækjunum, Samtökum atvinnulífsins og aðildarsamtökum, í þeirri von um að auka sýnileika og aðgengi og virkja enn frekara samstarf við áðurnefnd samtök og fyrirtækin sem þau mynda. Skrifstofan var flutt í lok maí í hjart og fallett skrifstofuhúsæði á þriðju hæð hússins og féll strax vel að þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Að því sögðu er sýnileiki sjóðnum mikilvægur og leitast Starfsafl því eftir þátttöku og viðveru á hinum ýmsu fundum og viðburðum enda má þannig oft ná til margra og þannig ná góðri kynningu á því baklandi sem sjóðurinn er fyrirtækjum og einstaklingum.

Það er því mikilvægt fyrir sjóðinn að vera sýnilegur á viðburðum sem tengjast rekstrar-, mannaúts- og fræðslumálum, taka þátt í umræðunni og birta greinar þegar það á við, taka þátt í stefnumótandi fundum, viðtölum, rýni og öðru því sem telja má sjóðnum til hagsbóta, undir merkjum sjóðsins eða áttarinnar, vefgáttar sjóða.

### Vorfundur Starfsafls

Vorfundur Starfsafls hefur fest sig í sessi og var nú haldinn í sjötta sinn. Fundurinn var opinn öllum áhugasömum en sérstaklega var boðið fulltrúum fyrirtækja, eigendum sjóðsins, ráðgjöfum sem starfa á vegum sjóðsins og öðrum samstarfsaðilum. Mæting fór fram úr björtustu vonum og heyra mátti almenna ánægju með fundinn og fundarefni.

Snorri Jónsson, fulltrúi SA í stjórn Starfsafls sá um fundarstjórn og bauð hann gesti velkomna. Í ávarpi sínu fór hann meðal annars inn á það hversu mikilvæg starfsemi Starfsafls væri þar sem fulltrúar launþega og atvinnurekenda sameinast í því markmiði að efla starfsmenntun.

Þá tók Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsafls við og fór yfir helstu tölur og verkefni ársins 2022. Hún



ræddi einnig mikilvægi þess að horfa til fyrirtækja sem námsstaða, að fyrirtæki setji sér stefnu í fræðslumálum, haldi fræðslubókhalð og fjárfesti í sumarstarfsfólki.

Að lokinni yfirferð Lísbetar tók Eva Karen, eigandi Effect ehf, til máls. Yfirskrift hennar erindis var „Að nýta gögn við gerð fræðsluáætlunar“ Hún sagði frá nýrri aðferðafræði sem hún er að þróa og nota með fyrirtækjum til að greina fræðsluþarfir innan fyrirtækja og stofnanna og virkja starfsfólk til að vilja taka þátt og leggja meiri áherslu á eigin þjálfun og fræðslu. Afraksturinn er hugbúnaðarlausn sem spennandi verður að fylgjast með hvernig þróast í framtíðinni.

Þá tók Fanney Þórisdóttir, fræðslustjóri Bláa Lónsins við en Bláa Lónið fékk viðurkenningu sem menntafyrirtæki ársins 2023. Hún veitti innsýn í fræðslumál fyrirtækisins sem sannarlega eru til fyrirmyndar og að hennar sögn, aldrei lokið þar sem fræðsla og þróun væri áframhaldandi verkefni og alltaf væri hægt að gera eitthvað betur eða meira. Sagði hún að innan Bláa Lónsins væri frekar talað um símenntun – frekar en orðinu endurmenntun; “því að menntun er aldrei í raun og veru lokið og tekur aldrei enda, og þú missir ekki allt í einu allt sem að þú hefur áður lært, það nýtist alltaf á einhvern hátt,,



Að þessum erindum loknum var blásið til hlés, gestum boðið upp á veitingar og gefinn góður tími til að að spjalla og tengjast og vonandi mynda tengingar sem ná út fyrir fundarsalinn.

Að hléi loknu flutti Sveinn Wagge erindi sem bar yfirskriftina “Húmor í fræðslu” og uppskar mikinn hlátur fundargesta. Miðað við hans kynningu sem undirstrikaði mikilvægi húmors í fræðslu þarf sannarlega að endurskoða víða framsetingu á fræðsluefni og bæta inn þar sem því verður við komið, örlítið af húmor.

### [Menntadagur atvinnulífsins](#)

Í febrúar fór fram Menntadagur atvinnulífsins. Um er að ræða árlegan viðburð og að honum standa Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök. Yfirskrift dagsins þetta árið var sköpun í íslensku atvinnulífi og menntakerfi út frá fjölmörgum sjónarhornum.

Menntadagurinn er ætlaður öllum þeim sem hafa áhuga á sköpun, menntamálum, fræðslu og þróun, svo sem stjórnendur, mannauðsstjóra, fræðslustjóra, þróunarteymi og skólafólk

Fræðslusjóðir atvinnulífsins voru að venju með kynningarbás undir merkjum Áttarinnar, vefgáttar sjóða og tóku spjallið við gesti og gangandi.

## Mannauðsdagurinn.

Mannauðsdagurinn hefur vaxið hratt og dafnað með hverju ári og er nú einn stærsti viðburður stjórnunar og mannaúðsmála hér á landi.

Mannauðsdagurinn 2023 var haldinn föstudaginn 6. október í Hörpu. Alls sóttu um 1.000 einstaklingar daginn og hafa gestir aldrei verið fleiri að sögn þeirra sem standa að skipulagningu dagsins. Starfsafl hefur tekið virkan þátt í mannaúðsdeginum og staðið vaktina á sameiginlegum bás Áttarinnar. Sá sýnileiki hefur verið sjóðunum mikilvægur, enda fjöldi gesta sem gerir sér erindi á básinn í þeim tilgangi að fræðast um það sem er í boði.

## Fréttir, greinaskrif og ýmis verkfæri á vef Starfsafls.

Á vef Starfsafls má finna ýmsar greinar og annað efni sem getur gagnast þeim sem vilja skoða sín fræðslu- og starfsþróunarmál. Til að mynda er þar að finna handbók á rafrænu formi um leiðir að árangursríkri fræðslu og þjálfun. Í handbókinni er að finna kafla sem taka meðal annars á eftirfarandi:

- Ferli fræðsluáætlunar
- Stefnumiðuð þróun mannaúðs
- Þarfagreining fræðslu og þjálfunar
- Samstilling aðferða til árangurs
- Væntingaskil

Handbókin er hagnýtt verkfæri og getur auðveldað mörgum fyrstu skrefin þegar kemur að gerð fræðsluáætlunar. Hér má hafa í huga að handbókin er leiðbeinandi og fyrir þá sem eru með minni rekstrareiningar er vel hægt að fara einfaldari og skemmri leiðir.

Á vefsíðu Starfsafls má einng finna einfalt sniðmát fyrir fræðsluáætlun auk þess sem þar er að finna sýnishorn af útfylltri fræðsluáætlun. Sniðmátið er hægt að aðlaga að þörfum, stækka, minnka eða breyta á hvern þann hátt sem hentar rekstrarforminu, fjölbreytni starfa og fjölda starfsmanna.

Þá áskilur Starfsafl sér þann rétt að fjalla um allar styrkveitingar til fyrirtækja. Tilgangurinn er sá að vekja athygli á og undirstika hversu sterkur bakhjarl sjóðurinn er þegar kemur að starfsmenntamálum fyrirtækja. Að því sögðu var fjöldi fréttu birtar á vef Starfsafls á starfsárinu um styrkveitingar og annað tengt starfsmenntamálum.



Allar umsóknir 2023 hafa verið afgreiddar



Aðföng fá Fræðslustjóra að láni



Ísfell fær fræðslustjóra að láni



Uppsafnaður 2ja ára styrkur